

37. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur sjávarútvegsnefndar til fundarins

Efnisyfirlit

<i>Strandveiðar – 48 dagar</i>	<i>2</i>
<i>Strandveiðar svæðaskipting.....</i>	<i>2</i>
<i>Strandveiðar ýmsar tillögur</i>	<i>2</i>
<i>Línuívilnun.....</i>	<i>2</i>
<i>Atvinnu- og byggðakvótar</i>	<i>2</i>
<i>Grásleppuveiðar</i>	<i>3</i>
<i>Aflamarkskerfið.....</i>	<i>3</i>
<i>Annað</i>	<i>3</i>

Strandveiðar – 48 dagar

- Sjávarútvegsnefnd krefst þess að árlega verði að lágmarki tryggðir 48 dagar til strandveiða.

Strandveiðar svæðaskipting

- LS leggur til að svæðaskipting verði afnumin og landið verði allt 1 svæði.

Samþykkt með 12 með og 9 á móti

Strandveiðar ýmsar tillögur

- Sjávarútvegsnefnd leggur til að VS aflaregla gildi við strandveiðar og jafnframt að undirmálsfiskur teljist sem VS afli.
- Sjávarútvegsnefnd leggur til að heimilt verði að skrá sig út út strandveiðum og inn í þær aftur. Samþykkt 8 á móti 5
- Sjávarútvegsnefnd leggur til að reynt verði með öllum ráðum að draga úr umframafla á strandveiðum.
- Sjávarútvegsnefnd leggur til að 10% reglan um undirmál gildi á strandveiðum.
- Sjávarútvegsnefnd leggur til að hægt verði að fara beint á aðrar veiðar eftir að strandveiðar klárast.

Línuviltun

- Sjávarútvegsnefnd skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuviltun (sem framvegis myndi kallast umhverfisviltun) þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn. Verði 30% við landbeitningu, 20% sé lína stokkuð upp í landi og 10% til vélabáta.

Atvinnu- og byggðakvótar

- Sjávarútvegsnefnd leggur til að veiðiheimildir til jöfnunar (5.3%) verði eingöngu nýttar til dagróðrabáta á bátum undir 30 tonnum.

Grásleppuveiðar

- Sjávarútvegsnefnd leggur til að öllum sem stunda grásleppuveiðar verði tryggðir jafn margir veiðidagar.
- Sjávarútvegsnefnd leggur til heimilt verði að draga upp net í brælutíð án þess að veiðidagar telji á meðan.
- Sjávarútvegsnefnd mótmælir harðlega þeirri aðferðarfræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr eftirlitsferðum Fiskistofu.
- Sjávarútvegsnefnd leggur til að veiðistjórn á grásleppu taki mið af leyfilegum heildarafla.

Aflamarkskerfið

- Sjávarútvegsnefnd samþykkir að LS skuldbindi sig til að berjast fyrir þá félagar sem enn eiga aflaheimildir, til jafns við önnur baráttumál félagsmanna.

Annað

- *Sjávarútvegsnefnd* skorar á ráðherra að banna togveiðar með fiskibotnvörpu fyrir innan línu sem er dregin úr Öndverðarnesi í Bjargtanga.
- *Sjávarútvegsnefnd* leggur til að handfæraveiðar verði undanskildar hrygningarstoppi.
- *Sjávarútvegsnefnd* óskar eftir að heimilt verði að sleppa lífvænlegum fiski undir 50 cm sem veiðist á handfæri og línu.
- *Sjávarútvegsnefnd* krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makríl.
- *Sjávarútvegsnefnd* harmar viðtökur ráðherra sjávarútvegs, við erindi LS vegna dragnótaveiða í Skjálfanda. Eindregið er lagt til að kröfunni um lokun Skjálfanda fyrir dragnótaveiðum verði haldið áfram þegar nýr ráðherra hefur tekið við keflinu.